

Síldarvinnslan hf.
Hafnarbraut 6
740 Neskaupstaður

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 25. nóvember 2013
Tilv.: UMH13100067/20-1

Vísað er til erindis Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík frá 9. október sl. Í erindinu er sótt um undanþágu frá 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, vegna endurnýjunar starfsleyfis fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Helguvík í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem segir að þegar sérstaklega stendur á geti ráðherra að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru samkvæmt 4. og 5. gr. laganna. Í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp kemur fram að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 m niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. reglugerðarinnar uppfyllt.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurnesja með bréfum, dags. 17. október sl. í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í umsögn Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins dags. 28. október sl. segir að í framangreindu erindi komi fram að unnið sé í samvinnu við Umhverfisstofnun að gerð nýs starfsleyfis fyrir Síldarvinnsluna hf. í Helguvík og tillaga að nýju starfsleyfi hafi verið auglýst 3. júní sl. Umhverfisstofnun hafi vakið athygli á að frárennsli verksmiðjunnar virðist opnast til hafnar og uppfylli það því ekki ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og jafnframt bent á að samkvæmt 7. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar væri heimilt að leita til viðkomandi heilbrigðisnefndar um aðrar lausnir sem teljast fullnægjandi. Í erindinu komi enn fremur fram að frárennslisútrásin frá verksmiðjunni hafi á sínum tíma verið lögð 20 metra út fyrir stórstraumsfjöruborð Helguvíkur en sé innan núverandi varnargarðs hafnarinnar. Einnig hafi komið í ljós í nýlegri athugun að útrásarendinn hafi eyðilagst og opnast útrásin nú neðarlega í grjótgardinum. Haldinn hafi verið samráðsfundur með Heilbrigðisnefnd Suðurnesja og hafnarstjórn Helguvíkurhafnar hinn 11. september sl. þar sem fjallað hafi verið um núverandi fyrirkomulag frárennslis hjá Síldarvinnslunni og fyrirhuguð áform hafnaryfirvalda í frárennslismálum. Í sama erindi hafi komið fram að samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjóra í Helguvík, séu áform uppi um að veita frárennsli, sem fyrirtæki á svæðinu geti tengt sig inn á, frá hafnarvæðinu og út fyrir brimvarnargarð hafnarinnar. Síldarvinnslan geri ráð fyrir að tengjast inn á þessa lögn um leið og hún verði komin í gagn. Í kjölfar fundarins hafi borist tilkynning til Síldarvinnslunnar hf. frá Heilbrigðisnefnd Suðurnesja um að sækja bæri um undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar til ráðherra, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun bendir á að ein af ástæðum þess að

sótt er um undanþágur sé að atvinnurekstur uppfylli ekki lögbundnar kröfur á þeim tíma sem sótt er um undanþágu. Telur stofnunin að undanþágur geti falið í sér ákveðinn sveigjanleika sem neyðarúrræði sem þurfi að vera fyrir hendi, en einungis þó í tiltekinn tíma á meðan unnið sé að því að koma starfsemi í lögmælt horf og/eða að almannahagsmunir krefjist þess. Þar sem sýnt hafi verið fram á að Síldarvinnslan hf. sé að vinna að undirbúningsráðstöfunum hvað varðar þau atriði sem athugasemdir hafi verið gerðar við í samvinnu við Heilbrigðisnefnd Suðurnesja og hafnarstjórn Helguvíkurhafnar telji stofnunin því, eins og á stendur í þessu máli, að til greina komi að veita undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Suðurnesja til ráðuneytisins dags. 30. október sl. kemur fram að nefndin hafi fjallað um erindið og setji sig ekki gegn því að Síldarvinnslan hf. fái umbeðna undanþágu.

Ráðuneytið hafði samband við hafnarstjóra Reykjaneshafna og fékk þær upplýsingar í tölvupósti hinn 7. nóvember sl. að stefnt væri að því að ráðast í framkvæmdir við að tengja frárennsli frá væntanlegu kísilveri Stakksbrautar 9 ehf. þegar það hefur framkvæmdir við verksmiðju sína. Samkvæmt nýjustu upplýsingum reikni þeir með að hefja framkvæmdir á lóð sinni vorið 2014 og að starfsemin verði hafin í lok árs 2015. Reykjaneshafnir reikni því með að eigi síðar en sumarið 2015 verði frárennslisframkvæmdunum lokið og þannig tengist Síldarvinnslan hf. í sömu lögn ásamt öðrum fyrirtækjum niður við hafnarkantinn.

Að fenginni framangreindum umsögnum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurnesja og upplýsingum frá Reykjaneshöfnum og í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veiti ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, vegna endurnýjunar starfsleyfis fiskimjölverksmiðju Síldarvinnslunnar í Helguvík.


Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Síldarvinnslan hf. skal eigi síðar en 16. desember 2013 senda Umhverfisstofnun tímasetta áætlun um framvindu framkvæmda varðandi frárennslismál hafnarinnar í tilteknum áföngum
2. Síldarvinnslan hf. skal gefa Umhverfisstofnun reglulega á sex mánaða fresti skýrslu um framgang nauðsynlegra úrbóta, með afriti á Heilbrigðisnefnd Suðurnesja. Fyrsta skýrslugjöf skal vera fyrir 1. apríl 2014.

Undanþága þessi gildir á meðan unnið er að sameiginlegri frárennslislögn á hafnarsvæðinu í Helguvík en þó eigi lengur en til 31. desember 2015.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurbjörg Sæmundsdóttir


Íris Bjargmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Reykjaneshafnir
Heilbrigðisnefnd Suðurnesja